Um helgina



Edda Jónsdóttir sýnir að Suðurgötu 7

Í gær opnaði Edda Jónsdóttir myndlistarmaður sýningu á verkum sínum í Gallery Suðurgötu 7,

Á sýningunni eru 18 verk sem eru unnin upp úr ljósmyndum og útfærð með blýanti.

Edda er fædd í Reykjavík 28. febrúar 1942 og nam myndlist í Myndlistaskólanum í Reykjavík, Myndlista- og handíðaskóla Íslands og Rijksakademie Van Beeldende Kunsten, Amsterdam.

Edda hefur tekið þátt í grafíksýningum áður hér heima, auk þess sem hún hefur sýnt í Danmörku, Svíþjóð, Noregi og í Póllandi.

Sýningin verður opin til 1. júní.

Þess skal og getið að forsíðumyndin á blaðinu á morgun, Sunnudagsblaðinu, verður að þessu sinni eftir Eddu Jónsdóttur



Elías B. Halldórsson í FÍM-salnum

Í dag, laugardag, opnar Elías B. Halldórsson frá Sauðárkróki sýningu í FÍM-salnum, Laugarnesvegi 112

Elías sýnir um sextíu myndir, olíumálverk, pastelmyndir og grafík og eru myndirnar gerðar á síðastliðnum tveim árum.

Sýningin er opin til annars í Hvítasunnu kl. 4—10 virka daga og kl. 2—10 um helgar.

Jónas sýnir í Norræna húsinu

Í dag kl. 14.00 opnar Jónas Guðmundsson málverkasýningu í Norræna húsinu í Reykjavík.

Á sýningunni eru rúmlega 50 myndir málaðar í vetur og á síðasta ári. Olíumálverk eru rúmlega 20 og vatnslitamyndir um 30 talsins.

Jónas Guðmundsson sýndi síðast í Reykjavík fyrir tveimur árum, þá á Kjarvalsstöðum, en fyrr á árinu sýndi hann myndir í Frankfurt í Vestur-Þýskalandi ásamt Valtý Péturssyni, listmálara, og hlaut sú sýning lofsamlega dóma, og var hennar getið í fjölmörgum blöðum.

Sýningin í Norræna húsinu verður opin daglega til 5. júní, eða framyfir hvítasunnu, en síðan er ráðgert að myndirnar, eða hluti þeirra verði sýndar í Galleri Háhól á Akureyri og mun sú sýning að líkindum opna 16. júní n.k.

Myndirnar á sýningunni eru flestar héðan úr bænum af ýmsum motivum í Gamla bænum, en auk þess eru bátar og sjávarútvegur stór þáttur í myndefninu. Ennfremur fáein portret.



Jónas Guðmundsson.

JG.

Stórhljómleikar á Barnaári

10 barnalúðrasveitir spila á Selfossi

Á laugardaginn kemur verða haldnir á Selfossi stórhljómleikar þar sem fram koma alls 10 barnalúðrasveitir víðs vegar af landinu.

Hljómleikarnir verða haldnir í íþróttasal gagnfræðaskólans á Selfossi og hefjast kl. 15.00.

Hljómsveitirnar sem leika eru allar skipaðar börnum yngri en 14 ára og eru hljómsveitirnar frá Seltjarnarnesi, Hafnarfirði, Mosfellssveit, Neskaupstað, Garðabæ, Hveragerði, Njarðvík úr Árbæjar- og Breiðholtshverfum og frá Selfossi.

Þessir fjölmennu tónleikar eru haldnir í tilefni barnaárs og stendur styrktarfélag barnalúðrasveitanna að mótshaldinu í samráði við bæjarstjórn Selfoss.

Mjólkurbú Flóamanna mun sjá um allar veitingar, krökkunum að kostnaðarlausu.

Kammertónleikar í Norræna húsinu

Annað kvöld 27. maí kl. 20.30 halda nokkrir nemendur í Tónlistarskólanum í Reykjavík tónleika í Norræna húsinu. Á efnisskrá eru eingöngu kammerverk en iðkun kammertónlistar hefur farið ört vaxandi í skólanum síðustu árin. Fyrst á efnisskrá er Sonata da camera eftir Corelli, þá Tríó-sónata eftir C.P.E. Bach og að lokum Pianókvintett í Es-dúr eftir Schumann. Þess má geta að nokkrir af nemendum þeim sem tekið hafa lokapróf frá skólanum þetta ár taka þátt í tónleikum þessum.

Aðgangur að þessum tónleikum er ókeypis og öllum heimill.


Skemmtifundur Gigtarfélagsins

Gigtarfélag Íslands heldur skemmti- og kaffifund í samkomusal Domus Medica, Egilsgötu 3, Reykjavík, sunnudaginn 27. maí kl. 15.

Á dagskrá verður meðal annars söngur, gleði og grín.

Verð aðgöngumiða er kr. 1500 — (innifalið er kaffi, heimabakaðar kökur og happdrætti). Ágóði af skemmtuninni rennur til styrktar sólarferð gigtveikra barna og unglinga.

Að öllu forfallalausu verða sólarferðir félagsins 1979 kynntar á fundinum.



Kári Eiríksson á Kjarvalsstöðum

Í dag, laugardag, opnar Kári Eiríksson málverkasýningu að Kjarvalsstöðum og er hún opin til 17. júní. Kári sýnir 72 olíumálverk.

Kári Eiríksson er fæddur 1935 á Þingeyri við Dýrafjörð. Náms og dvalarstaðir, Reykjavík, Kaupmannahöfn, Flórens, Róm, Mexíkóborg og New York.

Kári hefur haldið fjórar einkasýningar erlendis, síðast í Genf í Sviss 1974.

Fyrsta sýning hér heima var í Listamannaskálanum við Kirkjustræti 1959 og síðast Kjarvalsstöðum 1973.

Þetta er fimmta málverkasýning Kára hér í Reykjavík.


Ítalskur harmonikusnillingur í Norræna húsinu

Ítalski harmonikuleikarinn Salvatore de Gesualdo heldur tónleika í Norræna húsinu nk. mánudagskvöld kl. 20.30.

Di Gesualdo hefur tvívegis áður verið hér á ferð, 1972 og 1974, en þá lék hann á tónleikum víðsvegar um landið.

Að þessu sinni mun hann, auk Reykjavíkur, leika á Húsavík og eftilvill víðar. Hingað til lands kemur Salvatore de Gesualdo á vegum Högna Jónssonar, sem hyggst reyna að kynna harmonikuna sem klassískt hljóðfæri hér á landi, með tónleikahaldi fremstu harmonikuleikara.

Salvatore de Gesualdo, sem er kennari í tónsmíðum við tónlistarháskólann í Flórens, telur að harmonikan sé ákjósanlegt hljóðfæri til túlkunar eldri orgelverka sem og nútímatónlistar. Ýmsir nútímahöfundar hafa tileinkað honum verk sín, má nefna Sylvano Bussotti, Bruno Bartolozzi og György Ligeti.



Di Gesualdo

Di Gesualdo hefur haldið tónleika í flestum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum. Hann hefur hlotið frábæra dóma gagnrýnenda, bæði sem flytjandi og tónskáld, nefna þeir gjarnan að hann hafi lyft harmonikunni á hærra svið listræns flutnings.



Bóndakona í Ásmundarsal

Soffía Þorkelsdóttir opnar málverkasýningu laugardaginn 26.05. kl. 14.00 í Ásmundarsal við Freyjugötu í Reykjavík. Hún sýnir þar 51 mynd. Sýningin verður opin frá 26.05—04.06 alla daga frá 14.00—22.00.

Soffía er rúmlega fimmtug bóndakona af Snæfellsnesi, 7 barna móðir. Hún hefur teiknað frá unga aldri, og málað síðustu 15 árin. Á þessari sýningu sýnir hún árangur verka sinna hin síðari ár, myndir sem fyrst og fremst eru unnar í fristundum frá erilsömu starfi hversdagslífsins.